

Umboðsmaður skuldara
07 341

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Umboðsmaður skuldara

kt. 660710-1080

Kringlunni 1, 103 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umboðsmaður skuldara er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um umboðsmann skuldara nr. 100/200.

Verkefni stofnunarinnar byggja á lögum um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 og lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Einnig að gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á og veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar m.a. með milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 298,0 milljónir og afkoma kr. 20,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 20,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 66,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umboðsmanns skuldara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	280.700.000	275.900.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	15.000.000	1.749.600
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>2.256.196</u>	<u>2.464.643</u>
Tekjur samtals		297.956.196	280.114.243
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	202.175.274	215.628.987
Framlög og tilfærslur	5	7.950.000	8.750.000
Annar rekstrarkostnaður	6	65.204.172	53.228.171
Afskriftir	7	<u>2.256.196</u>	<u>2.464.643</u>
Gjöld samtals		277.585.642	280.071.801
Afkoma fyrir fjármagnsliði			
		20.370.554	42.442
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(24.291)	(28.482)
		<u>(24.291)</u>	<u>(28.482)</u>
Afkoma ársins		20.346.263	13.960
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum			
Rekstur	2	3.296.263	(12.236.040)
Rekstrartilfærslur		<u>17.050.000</u>	<u>12.250.000</u>
		20.346.263	13.960

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður	<u>2.703.242</u>	<u>4.959.438</u>	
	<u>2.703.242</u>	<u>4.959.438</u>	
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	62.307.436	39.917.331
Handbært fé		<u>1.467.794</u>	<u>215.544</u>
		<u>63.775.230</u>	<u>40.132.875</u>
		<u>66.478.472</u>	<u>45.092.313</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		<u>20.360.223</u>	<u>13.960</u>
		<u>20.360.223</u>	<u>13.960</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	1.950.251	0
Viðskiptaskuldir		<u>5.478.170</u>	<u>18.279.651</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	11	<u>34.234.583</u>	<u>21.087.261</u>
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	<u>4.455.245</u>	<u>5.711.441</u>
		<u>46.118.249</u>	<u>45.078.353</u>
		<u>66.478.472</u>	<u>45.092.313</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstremisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		20.346.263	13.960
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir	7	2.256.196	2.464.643
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.256.196)	(2.464.643)
		20.346.263	13.960
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(20.439.854)	(2.676.261)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		345.841	(1.838.519)
		(20.094.013)	(4.514.780)
	Handbært fé frá rekstri	252.250	(4.500.820)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	0	(247.997)
		0	(247.997)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		1.000.000	1.000.000
		1.000.000	1.000.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.252.250	(3.748.817)
		215.544	3.964.361
	Handbært fé í árslok	1.467.794	215.544

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfæignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákváðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádegnum niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður

3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjfærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	280.700.000	275.900.000
Tekjfærsla frestaðra tekna	2.256.196	2.464.643
	282.956.196	278.364.643

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	255.700.000	25.000.000	0	280.700.000
Fjárveiting til tekna	255.700.000	25.000.000	0	280.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(252.403.737)	(7.950.000)	0	(260.353.737)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	3.296.263	17.050.000	0	20.346.263

	2019	2018
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	15.000.000	1.749.600
	15.000.000	1.749.600

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	163.524.625	172.831.171
Orlof, breyting	(530.438)	665.141
Launatengd gjöld	37.445.912	40.155.968
Starfsmannakostnaður	1.735.175	1.976.707
	202.175.274	215.628.987

Meðalfjöldi stöðugilda

15,3

17,8

5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	7.950.000	8.750.000
	7.950.000	8.750.000

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	596.482	461.460
Byggingarvörur, almennar	0	1.740
Ýmis tæki og áhöld	100.997	197.343
Orkugjafar	743	19.821
Matvæli	2.441.862	2.977.828
Almennar rekstrarvörur	<u>71.528</u>	<u>(4.988)</u>
Vörukaup, almenn	3.211.612	3.653.204
 Lækninga- og hjúkrunarvörur	 0	 798
Vörukaup, sérgreind	0	798
 Fundir, námskeið, risna	 582.937	 329.771
Ferðir, uppihald	387.934	818.614
Akstur	167.711	319.909
Sérfræðiþjónusta	12.229.978	12.840.754
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	12.731	21.500
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.568.955	991.624
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<u>2.379.903</u>	<u>3.218.133</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	17.330.149	18.540.305
 Afnotagjöld	 27.453.773	 14.630.286
Leigugjöld	12.593.104	11.150.315
Notkun véla og flutningatækja	0	21.300
Verkkaup	2.190.905	2.453.125
Kostnaðarhlutdeild	<u>2.424.629</u>	<u>2.778.838</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	44.662.411	31.033.864
 Annar rekstrarkostnaður samtals	 <u>65.204.172</u>	 <u>53.228.171</u>
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.256.196	2.464.643
	<u>2.256.196</u>	<u>2.464.643</u>
	31.12.2019	31.12.2018
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	2.703.242	4.959.438
	<u>2.703.242</u>	<u>4.959.438</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:		
Áhöld, tæki og búnaður		
Staða 1.1.2019	26.817.080	
Viðbætur á árinu	0	
Selt/niðurfært á árinu	<u>(8.194.416)</u>	
	18.622.664	
Afskriftir 1.1.2019	21.857.642	
Selt/niðurfært á árinu	<u>(8.194.416)</u>	
Afskrift ársins	<u>2.256.196</u>	
	15.919.422	
Staða 31.12.2019	<u>2.703.242</u>	

Skýringar

31.12.2019 31.12.2018

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	47.307.436	17.067.284
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	15.000.000	0
Áætluð leiðréttung vegna fjárveitinga	0	22.850.047
	<u>62.307.436</u>	<u>39.917.331</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.950.251	0
	<u>1.950.251</u>	<u>0</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárréikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	13.960	(647.640.962)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	647.640.962
Afkoma ársins	<u>20.346.263</u>	<u>13.960</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>20.360.223</u>	<u>13.960</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjárár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

31.12.2019 31.12.2018

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	20.556.823	21.087.261
Ógreidd laun	277.760	0
Önnur ógreidd gjöld	<u>13.400.000</u>	<u>0</u>
	<u>34.234.583</u>	<u>21.087.261</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2019 31.12.2018

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	2.703.242	4.959.438
Onotuð fjárveiting til fjárfestinga	<u>1.752.003</u>	<u>752.003</u>
	<u>4.455.245</u>	<u>5.711.441</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtalsfrestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	4.959.438	752.003	5.711.441
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.000.000	1.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.256.196)	0	(2.256.196)
	<u>2.703.242</u>	<u>1.752.003</u>	<u>4.455.245</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 1,9 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2021 og einnig ýmsa aðra samninga s.s. þjónustusamninga um rekstur og vörlu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 14,2 milljónum og vegna annara samninga kr. 26,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.